stærð botnvörpu og flotvörpu, lágmarksstærðir fisktegunda, friðunarsvæði og öðrum reglum um lokun svæða.

Staðsetning færeyskra skipa skal daglega tilkynnt íslensku landhelgisgæslunni meðan þau stunda veiðar á hafsvæðinu umhverfis Ísland.

Aflamagn færeyskra skipa skal á hverjum tíma tilkynnt Fiskifélagi Íslands. Skipan þessi um veiðar færeyskra skipa á Íslandsmiðum kemur í stað eldra fyrirkomulags um sama efni og getur hvor aðili sagt því upp með sex mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 20. mars 1976.

Staðfest:

Einar Ágústsson.
Matthías Bjarnason.

troli og flótitroli, minstamát fyri fiskaslög, friðingaröki og reglur um stongd öki.

Föroysku skipini skulu dagliga siga íslendsku sjóverjuni frá, hvar tey eru stödd, meðan tey veiða undir Íslandi.

Henda skipanin um fiskivinnuna undir Íslandi hjá föroyskum skipum kemur í staðin fyri eldri fyriskipan um sama evni og kann verða uppsögd við 6 mánaða freist av báðum pörtum.

Reykjavík, 20. mars 1976.

Staðfest:

Atli Dam.
F. Isaksen.

18. maí 1976. Nr. 10.

AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO).

Hinn 3. maí 1976 var framkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent staðfestingarskjal Íslands að breytingum varðandi 10., 16., 17., 18., 20., 28., 31. og 32. grein samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 6. mars 1948, sem gerðar voru með ályktun A. 315(ES.V) á 5. aukaþingi stofnunarinnar hinn 17. október 1974 (sbr. einnig auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 20/1969).

Gildistaka breytinganna verður tilkynnt síðar.

Orðalag umræddra greina eftir breytingarnar er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. maí 1976.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

BREYTINGAR Á SAMÞYKKT ALÞJÓÐASIGLINGAMÁLASTOFNUNARINNAR (IMCO).

10. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Annex.

AMENDMENTS TO THE CONVENTION ON THE INTER-GOVERNMENTAL MARITIME CONSULTATIVE ORGANIZATION

Article 10

The existing text is replaced by the following:

Aukafélagi nýtur réttinda og undirgengst skyldur aðila skv. samþykktinni utan atkvæðisréttar og kjörgengis til ráðsins og samkvæmt því skal hugtakið „aðili“ einnig tákna aukafélaga, nema annað leiði af samhengi.

An Associate Member shall have the rights and obligations of a Member under the Convention except that it shall not have the right to vote or be eligible for membership on the Council and subject to this the word "Member" in the Convention shall be deemed to include Associate Member unless the context otherwise requires.

16. gr.

Í stað núgildandi texta í málsgrein (d) komi eftirfarandi:

(d) Að kjósa fulltrúa í ráðið skv. ákvæðum 17. greinar.

Article 16

The existing text of paragraph (d) is replaced by the following:

(d) To elect the Members to be represented on the Council as provided in Article 17.

17. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Í ráðinu eiga sæti tuttugu og fjórir aðilar, kjörnir af þinginu.

Article 17

The existing text is replaced by the following:

The Council shall be composed of twenty-four Members elected by the Assembly.

18. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Þegar kosið er til ráðsins skal þingið styðjast við eftirfarandi reglur:

(a) Sex séu ríki, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við alþjóðaþjónustu á sviði siglinga;
(b) sex séu önnur ríki, sem hafa mestra hagsmuna að gæta vegna alþjóðlegra flutninga á sjó í viðskiptaskyni;
(c) tólf séu ríki, sem ekki hafa verið kjörin samkvæmt (a) og (b) lið hér að ofan, en hafa þó sérstakra hagsmuna að gæta vegna flutninga á sjó eða siglinga, enda tryggi kjör þeirra til setu í ráðinu, að allir helstu heimshlutar eigi þar fulltrúa.

Article 18

The existing text is replaced by the following:

In electing the Members of the Council, the Assembly shall observe the following criteria:

(a) Six shall be States with the largest interest in providing international shipping services;
(b) Six shall be other States with the largest interest in international seaborne trade;
(c) Twelve shall be States not elected under (a) or (b) above, which have special interests in maritime transport or navigation, and whose election to the Council will ensure the representation of all major geographic areas of the world.

20. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

(a) Ráðið kýs sér formann og setur sjálfu sér fundarsköp nema öðruvísi sé kveðið á um í samþykktinni.

Article 20

The existing text is replaced by the following:

(a) The Council shall elect its Chairman and adopt its own Rules of Procedure except as otherwise provided in the Convention.

(b) Fundir ráðsins eru lögmætir þá sextán meðlimir eru mættir.

(c) Ráðið heldur fundi með eins mánaðar fyrirvara, eins og þörf krefur til að það anni skyldustörfum sínum, eftir fundarboði formanns, eða ef a. m. k. fjórir meðlimir þess óska. Fundir séu haldnir þar sem henta má.

(b) Sixteen Members of the Council shall constitute a quorum.

(c) The Council shall meet upon one month's notice as often as may be necessary for the efficient discharge of its duties upon the summons of its Chairman or upon request by not less than four of its Members. It shall meet at such places as may be convenient.

28. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Allir aðilar skulu skipa öryggismálanefndina.

Article 28

The existing text is replaced by the following:

The Maritime Safety Committee shall consist of all the Members.

31. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Öryggismálanefndin skal halda fundi a. m. k. einu sinni á ári. Nefndin kýs sér embættismenn einu sinni á ári og setur sér eigin starfsreglur.

Article 31

The existing text is replaced by the following:

The Maritime Safety Committee shall meet at least once a year. It shall elect its officers once a year and shall adopt its own Rules of Procedure.

32. gr.

Þessi grein fellur niður.

Greinar 33 til 63 eru númeraðar á ný samkvæmt þessu.

Article 32

This Article is deleted.

Articles 33 through 63 are renumbered accordingly.

Stjórnartíðindi C 1, nr. 1—10. Útgáfudagur 16. september 1977.